

Fréttatilkynning

Vegna fréttar frá Norðuráli í Mbl. 21. maí s.l. telur undirrituð rétt að eftirfarandi upplýsingar og athugasemdir komi fram: Mikilvægt er að umræða um flúor í búfé byggji á staðreyndum. Flúor er ekki nauðsynlegt efni í spendýrum. Það getur auk þess verið þeim afar hættulegt. Þolmörk flúors í hrossum eru lítið þekkt hérlendis, enda hafa þolmörk hvorki verið skilgreind né verið rannsökuð með tilliti til þeirra nota sem höfð eru af hestum nú til dags, s.s. með tilliti til hreyfigetu, styrkleika beina og taugakerfis. Enn síður er vitað um áhrif mikillar en tiltölulega skammvinnrar flúormengunar eins og kom frá Norðuráli í ágúst 2006 og þess flúoráreitis er stækkun álversins skapaði frá vori og fram á haust 2007. Meðaltöl í vöktun iðjuveranna á flúori gefa engan veginn rétta mynd af mengunarálaginu.

Í fyrrnefndri frétt frá Norðuráli (Mbl. 21.5.2011) segir að fyrirtækið hafi fengið álit dýralækna á veikindum hrossa á Kúludalsá og þeir hafi komist að sömu niðurstöðu og Umhverfisstofnun, að ekki væru tengsl á milli veikinda hrossanna og styrks flúors í umhverfinu. Í ljósi þessarar fullyrðingar telur undirrituð eðlilegt að álit dýralæknanna séu gerð opinber, einkum vegna þess að enginn dýralæknir hefur lokið rannsókn á hrossunum svo eiganda þeirra sé kunnugt. Enginn fulltrúi frá Matvælastofnun hefur komið að skoða hrossin. Umhverfisstofnun sem hefur haft erindi undirritaðrar undir höndum í tvö ár, byggir svar sitt frá 19. maí s.l. á álit Matvælastofnunar. Í álit Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hrossasjúkdóma á MAST segir m.a. „þolmörk [flúors]fyrir hross eru af sumum talin vera svipuð og fyrir nautgripi en aðrir telja þau vera mun lægri.“ Samkvæmt framansögðu og fleiru er kemur fram í máli Sigríðar skortir tilfinnanlega fræðilegan grunn varðandi áhrif flúormengunar á hross. Furðu sætir að dýralæknir hrossasjúkdóma skuli draga afgerandi ályktun þar sem vísindalegan grunn skortir og láta sig sjúkdómsgreiningu hrossanna og velferð engu varða.

Enn fremur segir í sömu frétt frá Norðuráli: „Þrátt fyrir þetta bauð Norðurál, í samvinnu við Umhverfisstofnun, eiganda umræddra hrossa að standa að ítarlegri rannsókn á veikindum hrossanna í apríl 2009. Eigandinn hafnaði þessu boði.“ Hafa skal það sem sannara reynist: Eftir að undirrituð sendi Norðuráli tilkynningu um veikindin hrossanna vorið 2009 voru viðbrögð Norðurálmanna þau, að undirrituð var beðin að senda Norðuráli öll gögn sem til væru um umrædd veikindi þannig að sérfræðingar Norðuráls gætu farið yfir þau s.s. varðandi beit, áburðargjöf, fóðurgjöf og annað sem áhrif gæti haft í umræddu máli (bréf dags. 16. apríl 2009.) Að sjálfsögðu sóttist undirrituð eftir ítarlegri rannsókn á hrossunum, en þótti fráleitt að sá sem mengaði umhverfi þeirra, þ.e. Norðurál, bæri ábyrgð á rannsókninni. Gerði undirrituð Norðurálmönnum grein fyrir því að einungis til þess bær opinber rannsóknaraðili myndi fá gögn um hrossin á Kúludalsá og aðbúnað þeirra. Ekki hefur verið hlutast til um slíka rannsókn, hvorki af hálfu álversins né opinberra aðila og Umhverfisstofnun hefur nú synjað beiðni um rannsóknina sem sóttst var eftir. Vafi leikur á að stofnunin hafi fylgt reglum stjórnslulaga við afgreiðslu málsins og eru þau atriði nú til sérstakrar skoðunar. Þess ber einnig að geta að fullyrðing Kristjáns Geirssonar deildarstjóra á UST um að stofnunin hafi „af og til verið í sambandi“ við undirritaða síðastliðin tvö ár er röng. (sjá <http://www.visir.is/fluormengun-i-hvalfirði--tok-tvo-ar-a-svara-erindi/article/2011110518819>).

22. maí 2011

Ragnheiður Þorgrímsdóttir